

Viðauki V

Verklag um umsýslu fjármuna til frumkvæðisverkefna í Brothættum byggðum

Í hverju byggðarlagi getur verkefnið Brothættar byggðir tekið þátt í fjármögnun styrkhæfs kostnaðar einstakra verkefna í verkefnastofni. Verkefni þurfa að styðja við framtíðarsýn og markmið í verkefninu Brothættar byggðir í viðkomandi byggðarlagi. Ekki er gerð krafa um móttframlag en jafnan er það talið verkefnum til framdráttar ef þau laða fram krafta þátttakenda í samræmi við þá hugsun sem liggur til grundvallar verkefninu Brothættar byggðir. Enn fremur styrkir það verkefni ef þau leiða til samstarfs aðila innan héraðs og/eða til samstarfs við aðila utan héraðs.

Verkefnisstjórn í hverju byggðarlagi ber ábyrgð á úthlutun styrkja og getur sett um það nánari reglur er byggja á viðauka þessum eftir því sem þörf krefur. Verkefnisstjórn ákveður hvort og hvernig staðið skuli að auglýsingu hverju sinni. Ef auglýst er þarf að tilgreina hvaða kröfur eru gerðar til umsókna og viðmið um mat þeirra. Nánar er fjallað um mat á umsóknum neðar í þessum viðauka.

Yfirlit yfir kostnað skal koma fram í umsókn um styrk og það jafnframt tíundað hvaða liðir falla undir styrkhæfan kostnað. Sjá nánar kaflann „Styrkhæf verkefni“.

Fulltrúar í verkefnisstjórn skulu gæta að hæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef aðstæður draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum. Ef viðkomandi er vanhæfur, ber honum/henni að víkja af fundi og skráist það í fundargerð. Ekki nægir að viðkomandi sitji hjá við atkvæðagreiðslu um mál sem hann er vanhæfur í. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Umsækjendum er heitið trúnaði um það sem fram kemur í umsóknum og varðar verkefnin sem sótt er um styrk til meðan á umsóknarferlinu stendur. Að úthlutun lokinni verður birtur opinberlega listi yfir styrkt verkefni ásamt stuttri lýsingu á þeim, styrkupp hæð og nöfn styrkþega.

Skyldur styrkþega

Gerður skal skriflegur samningur við hvern styrkþega. Styrkþegi er í þessu tilviki skilgreindur sem sá aðili sem hlotið hefur styrk. Hafi verkefnisstjórn ákveðið nýtingu fjár án auglýsingar og án afhendingar fjárens til þriðja aðila skal hún taka saman skýrslu um verkefnið skv. reglum þessum eða sjá til þess að umræddur þriðji aðili skili skýrslunni.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár í stöðumatsskýrslu eða framvindu-/lokaskýrslum. Að lágmarki skal skila skýrslu við lok verkefnis eða framvinduskýrslu innan árs ef verkefni hefur dregist af einhverjum ástæðum og samið hefur verið um lengri frest. Meðfylgjandi lokaskýrslu skulu fylgja afrit af reikningum ásamt vandaðri vinnutímaskýrslu, hafi styrkurinn verið nýttur upp í eigið vinnuframlag. Verði misbrestur á skýrsluskilum eða önnur skilyrði verkefnisstjórnar fyrir styrkveitingu eru ekki uppfyllt er heimilt að fara fram á endurgreiðslu styrksins að hluta eða að fullu. Sé styrks ekki vitjað innan þriggja mánaða frá dagsetningu tilkynningar um styrk, það er samningur undirritaður, fellur styrkurinn

niður ef ekki liggja fyrir gildar ástæður fyrir drætti á undirritun samnings. Hyggist styrkþegi sækja aftur um styrk í frumkvæðissjóð viðkomandi byggðarlags fyrir öðrum hluta verkefnis og fyrri hluta ekki lokið við upphaf umsóknarferils í sjóðinn, skal styrkþegi skila inn stöðumatsskýrslu og gera grein fyrir framvindu verkefnis.

Styrkþega er skylt að geta stuðnings frumkvæðissjóðs Bb í hvers kyns umfjöllun um verkefnið á því ári sem styrkurinn er veittur og að lágmarki eitt ár þar á eftir.

Verkefnisstjórn og samstarfsaðilar í viðkomandi Bb verkefni hafa heimild til að fjalla um styrkt verkefni í skýrslum og kynningarefni en þó skal trúnaðar gætt um það sem getur talist viðkvæmar upplýsingar og/eða styrkþegi hefur óskað trúnaðar um.

Skyldur styrkþega – möguleg yfirfærsla verkefnis til annars aðila

Verkefnisstjórn getur heimilað yfirfærslu styrks frá styrkþega til annars aðila að uppfylltum eftirfarandi formkröfum:

1. Að gerður sé samningur við nýjan styrkþega, með vísan í upphaflegan samning, þar sem fram koma öll atriði sem skipt geta máli við yfirfærsluna, þar með talið hvaða réttindi og skyldur fylgja verkefninu.
2. Að upphaflegur styrkþegi hafi endurgreitt til landshlutasamtaka greiðslur frá frumkvæðissjóði sem hann hefur þegið vegna verkefnisins. Mögulegt er þó að styrkþegi geti haldið hluta styrks ef hann sýnir fram á samsvarandi framvindu í verkefninu og samþykkt verkefnisstjórnar á þeirri framvindu liggur fyrir þegar yfirfærslan fer fram. Tímaskýrsla þarf að liggja til grundvallar.
3. Umrædd endurgreiðsla skv. 2. lið greiðist til nýs styrkþega eftir undirritun samnings.
4. Nýr styrkþegi tekur við frekari greiðslum vegna samningsins svo sem kveðið er á í nýjum samningi skv. 1. grein.

Styrkhæf verkefni

Styrkhæf verkefni eru rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefni þar sem markvisst er stefnt að markaðssetningu nýrrar eða endurbættrar vöru eða þjónustu. Einnig er heimilt að styrkja stofnfjárfestingu í hvers konar verkefnum að því gefnu að þau raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði. Enn fremur samfélagsefandi verkefni önnur en þau sem teljast til lögbundinna og/eða hefðbundinna verkefna ríkis eða sveitarfélaga.

Um verkefni sem kostuð eru að hluta af verkefninu Brothættum byggðum gilda eftirfarandi reglur:

Styrkir til styrkþega séu innan marka samkvæmt reglum EES um minniháttaraðstoð:

Með vísan til reglugerðar um minniháttaraðstoð sem er hluti af EES-samningnum ber umsækjanda að upplýsa um annan opinberan stuðning á tveimur næstliðnum reikningsárum og yfirstandandi reikningsári vegna sama verkefnis eða annarra verkefna á vegum umsækjanda, enda sé sá stuðningur veittur í samræmi við reglugerð um minniháttaraðstoð. Samkvæmt reglunum mega styrkir ekki fara upp fyrir 200.000 evrur á þremur árum.

Upplýsa skal hvort slíkur stuðningur hafi verið mótttekinn og þá þær fjárhæðir sem um ræðir. Sjá reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) varðandi minniháttaraðstoð¹. Sjá einnig texta í rammanum hér að neðan:

Um minniháttarstyrki: Styrkurinn sem sótt er um fellur undir regluverk Evrópusambandsins sem minniháttarstyrkur („De Minimis Aid“).

Lágir ríkisstyrkir, upp að andvirði 200 þúsund evra á þriggja ára tímabili, eru álitnir of léttvægir til að raska samkeppnisumhverfi fyrirtækja á evrópska efnahagssvæðinu. Styrkir sem falla innan þeirra marka þurfa því ekki sérstakt samþykki í samhengi ríkisstyrkjareglna sem gilda á evrópska efnahagssvæðinu.

Stjórnvald í hverju ríki þarf þó að geta rakið og sannreynt að fjöldi slíkra minniháttarstyrkja („De Minimis Aid“) nái ekki sameiginlega upp fyrir fjárhæðarþak 200 þúsund evra á þriggja ára tímabili. Það er því forsenda fyrir að veita slíka minniháttarstyrki að hafa yfirsýn yfir aðra slíka styrki sem veittir hafa verið veittir til sama aðila.

Þegar reiknað er út hvort umsækjandi nálgist 200.000 evrurnar þá er miðað við gengi sem ESA reiknar út á grundvelli gengisskráningar næstliðins árs og gefur út í samráði við stjórnvöld, það má nálgast neðarlega á síðunni: <http://www.eftasurv.int/state-aid/rates/>.

<http://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32013R1407.pdf>

Viðurkenndir kostnaðarliðir vegna styrkhæfra verkefna:

- Laun og launatengd gjöld
- Rekstrarvörur, efni o.fl.
- Aðkeypt þjónusta
- Ferðir og fundir
- Markaðsrannsókn/könnun
- Stofnfjárfesting í búnaði og aðstöðu (með skilyrðum, sjá neðar)

Nánari útlistun einstakra kostnaðarliða:

Laun og launatengd gjöld

Lagður er til grundvallar sá tími sem starfsmenn (þátttakendur) vinna í verkefninu.

- Til hliðsjónar skulu vera almennir kjarasamningar og stofnanasamningar
- Launakostnaður miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum
- Ekki er hægt að nota útseldan texta til viðmiðunar við útreikning launa

Rekstrarvörur

Í umsókn skal upplýst um aðföng fyrir verkefnið. Sé um að ræða almennar rekstrarvörur tengdar rannsókn- og þróunarstarfsemi er fullnægjandi að lýsa rekstrarvörunum stuttlega og áætla samtölu kostnaðar. Sé á hinn bóginn um sérhæfðar rannsóknir að ræða þar sem þörf er á dýrum rekstrarvörum eins og oft á sér stað í tilraunaframleiðslu skal upplýsa um vöruflokka og einingarverð.

¹ Reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðandi minniháttaraðstoð, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2014 frá 16. maí 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 36, frá 12. júní 2014, bls. 644.

Aðkeypt þjónusta

Lýst skal aðkeyptri þjónustu undir þessum lið hvort heldur sem hún er unnin af stofnun eða fyrirtæki sem jafnframt er umsækjandi eða öðrum rekstraraðilum. Gerð skal grein fyrir hvað felst í hinni aðkeyptu þjónustu eða ráðgjöf, hver markmið með þjónustunni eru og hvers vegna hún er keypt af viðkomandi aðila, hvað þjónustan kostar, hverjir eru skilmálar svo sem helstu vörður og hvernig greiðslum er háttað.

Ferðir og fundir

Gerð skal grein fyrir öllum ferðum bæði innanlands og utan, hver er tilgangur ferðanna, hvert farið er, hverjir fara og hvað ferðirnar kosta.

Akstur innanlands vegna lengri ferða og í stað flugs innanlands er greiddur skv. reglum fjármála- og efnahagsráðuneytis um ferðakostnað², á grundvelli akstursdagbókar og skv. framlögðum reikningi.

Markaðskönnun/rannsókn

Markaðskönnun til að kanna viðbrögð markaðarins við notagildi hugmyndar og hvort raunverulegur og arðsamur markaður geti verið fyrir hendi.

Hefðbundið markaðsstarf starfandi fyrirtækja sem ekki felur í sér aðgerðir tengdar nýjum vörum og þjónustu er ekki styrkhæft af fjármagni verkefnisins Brothættra byggða.

Stofnfjárfesting í búnaði og aðstöðu

Ef fyrir liggur að verkefni umsóknaraðila raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði er heimilt að styrkja stofnfjárfestingu í aðstöðu, þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru forsenda fyrir framleiðslu afurða og þjónustu.

Brothættar byggðir fjármagna ekki:

- Fjárfestingu í hráefnum þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru hlutar af afurð eða þjónustu sem ætluð er til sölu.
- Fjárfestingu í sjálfu framleiðsluferlinu og umhverfi þeirra þ.m.t. húsnæði og tækjabúnaði til framleiðslu afurða og þjónustu sem ætluð er til sölu. Undantekning frá þessum lið er stofnfjárfesting í búnaði og aðstöðu að uppfylltum sérstökum skilyrðum um að verkefni raski ekki samkeppni sbr. lið um stofnfjárfestingu hér að ofan.
- Markaðsfærslu og sölustarfsemi umfram framangreint.
- Virðisaukaskatt af innsendum reikningum sem liggja til grundvallar uppgjöri styrks ef styrkþegi er með virðisaukaskattsnúmer og verkefnið telst til virðisaukaskattskyldrar starfsemi viðkomandi. Með öðrum orðum ef styrkþegi á rétt á endurgreiðslu innskatts af reikningunum.

Verkefnisstjórn Brothættra byggða samþykkir ekki kostnað sem fallið hefur til vegna verkefnis áður en umsókn er lögð inn hjá verkefnisstjórn, þ.m.t. mótframlag þátttakenda.

² (<https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannaudsmal-rikisins/ferdakostnadir/>, eða nýrra ef við á)

Mat á umsóknum

Verkefnisstjórn hvers byggðarlags ber sem fyrr segir ábyrgð á úthlutun og er niðurstaða hennar endanleg. Þyki það henta getur verkefnisstjórn falið smærri hópi að undirbúa úthlutun og skila vinnugögnum til verkefnisstjórnar fyrir úthlutunarfund.

Við mat á umsóknum er horft til eftirfarandi þátta:

1. Hversu vel umsókn/verkefni falli að skilaboðum íbúðapings og stefnumótum sem fram kemur í verkefnisáætlun viðkomandi byggðarlags.
2. Að hvaða marki útkoma verkefnisins nýtist sem flestum íbúum byggðarlagsins.
3. Hvort verkefnið trufla samkeppni á þjónustusóknarsvæðinu.
4. Að hvaða marki verkefnið leiði til atvinnusköpunar, helst á heilsársgrundvelli.
5. Hvort verkefnið sé líklegt til árangurs og þekking / reynsla sé til staðar.
6. Að markaðslegar og/eða rekstrarlegar forsendur séu trúverðugar. Hér er jafnframt horft til þess hvort umsókn sé unnin af vandvirkni og útfyllt svo sem gert er ráð fyrir í umsóknarformi.
7. Að hvaða marki áhrifa gæti í byggðarlaginu fyrst og fremst.
8. Að hvaða marki verkefnið hvetji til samstöðu í byggðarlaginu.
9. Að hvaða marki styrkveiting hafi áhrif á framgang verkefnisins.

Munið að vandvirkni í gerð umsókna er líkleg til að skila betri árangri.

Gangi þér/ykkur vel.